

Reglur um innra eftirlit

1. Lagastoð og gildissvið

- 1.1 Reglur þessar eru settar á grundvelli 54. gr. laga nr. 56/2010 um váttryggingastarfsemi.
- 1.2 Reglur þessar kveða á um framkvæmd innri eftirlits hjá NTÍ.
- 1.3 Reglur þessar ná til alls innra eftirlits í þáttum starfseminnar .
- 1.4 Innra eftirlit snýr að stjórnarháttum, fjárhagslegum þáttum, meðferð tjónamála, samskiptum við viðskiptavini, ásamt fleiri þáttum sem snerta rekstur stofnunarinnar.

2. Ábyrgð á innra eftirliti

- 2.1 Stjórn NTÍ ber endanlega ábyrgð á innra eftirliti og skal því hafa góða yfirsýn yfir fyrirkomulag þess og þekkja tilgang þess.
- 2.2 Framkvæmdastjóri skal a.m.k. árlega gera stjórn grein fyrir framkvæmd innra eftirlits þar sem farið er yfir forsendur áhættumats og forgangsröðun verkefna sem tengjast innra eftirliti.
- 2.3 Framkvæmdastjóri skal sjá til þess að innra eftirlit stuðli að því að þeim markmiðum sem stjórn fyrirtækisins hefur sett, sé náð.
- 2.4 Endurskoðunarnefnd skal kanna hvort innra eftirlit tryggji áreiðanleika mikilvægra upplýsinga sem stjórnendur reiða sig á í starfseminni, hvort sem þær eru fjárhagslegar eða annars eðlis.
- 2.5 Endurskoðunarnefnd skal kanna hvort innra eftirlit sé með því að verklagsreglum, starfsháttum og lögum og reglum sé fylgt í starfseminni.
- 2.6 Starfsmenn skulu þekkja hlutverk sín og ábyrgð gagnvart innra eftirliti, skilja tilgang þess og vita hvernig skuli bregðast við ef eitthvað óvænt kemur upp.
- 2.7 Ef framkvæmdastjóri, endurskoðunarnefnd eða starfsmenn verða varir við eitthvað óeðlilegt í starfseminni ber þeim að gera stjórn grein fyrir því.

3. Tilgangur innra eftirlits

- 3.1 Innra eftirlit er ferli sem ætlað er að tryggja árangur og skilvirkni í starfseminni, áreiðanleika upplýsinga og samkvæmni við lög og reglur.
- 3.2 Innra eftirliti er ætlað að tryggja að samræmi sé í afgreiðslu mála hjá NTÍ.
- 3.3 Innra eftirlit er mikilvæg forsenda áhættustjórnunar og það skiptir því stjórnendur miklu að innra eftirlit sé þannig skipulagt að rétt sé brugðist við tækifærum sem í ógnunum og áhættu kunna að felast.

4. Viðhorf stjórnar og stjórnenda

- 4.1 Stjórn NTÍ leggur áherslu á að framkvæmdastjóri og starfsmenn séu meðvitaðir um mikilvægi innra eftirlits.
- 4.2 Framkvæmdastjóri skal tryggja að brugðist sé fljótt og vel við athugasemdum endurskoðenda og endurskoðunarnefndar um veikleika í innra eftirliti.
- 4.3 Framkvæmdastjóri og starfsmenn skulu afla sér þekkingar og þjálfunar eftir því sem þörf er á í málefnum tengdum innra eftirliti.

Reglur um innra eftirlit

5. Fyrirkomulag innra eftirlits

- 5.1 Skráning innra eftirlits og frávika sem upp koma skal fara fram með skipulegum hætti.

6. Aðgreining starfa

- 6.1 Þess skal vandlega gætt í verkferlum NTÍ að það sé ekki á hendi sama aðila að annast samþykki, greiðslur og bókun reikninga. Þessir þrír þættir skulu framkvæmdir af þremur starfsmönnum.
 - 6.1.1 Allir reikningar skulu yfirfarnir og áritaðir af framkvæmdastjóra. Árita skal tilefni kostnaðar.
 - 6.1.2 Gjaldkeri eða staðgengill hans, skal sjá um greiðslu reikninga. Honum er óheimilt að greiða reikninga nema samþykki þeirra sé sýnilegt.
 - 6.1.3 Sá aðili sem sér um bókun reikninga er óheimilt að ganga í störf gjaldkera í hans fjarveru.
- 6.2 Gjaldkera eða staðgengli er óheimilt að ganga í störf starfsmanns sem annast skráningu verðmætamats eða útgáfu váttryggingarskírteina í gagnagrunni vegna opinberra mannvirkja.

7. Uppfærsla og eftirlit með verkferlum

- 7.1 Framkvæmdastjóri skal tryggja að verkferlar uppfylli almennar kröfur um innra eftirlit. Sjá t.d. leiðbeiningar Ríkisendurskoðunar.

8. Breytingar á reglum um innra eftirlit

- 8.1 Til breytinga á starfsreglum þessum þarf samþykki meirihluta stjórnar.

Reglur þessar voru settar þann 22. nóvember 2012 og endurskoðaðar af stjórn NTÍ þann 28. febrúar 2014.